

að telja 5% p. a. frá 1. jan. 1948 til sáttaþæfudags, 7. júní 1951, og 6% p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, er ákveðst kr. 750.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt með-dómsmönnum Árna Snævarr verkfræðingi og Jóni Bergsteins-syni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hjörleifur Kristmannsson, greiði stefnanda, Bygg-ingafélaginu Stoð h/f, kr. 4662.15 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til 7. júní 1951 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marz 1955.

Nr. 145/1953. Lilja Vikar (Magnús Thorlacius)

gegn

Trausta Ó. Lárussyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um bætur vegna galla á keyptum bílhreyfli.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1953 og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 12.874.12 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 15. febrúar 1951 seldi stefndi áfrýjanda herjeppa þann, sem í málinu greinir. Sama dag afsalaði hann Jóni Guðjónssyni, eiginmanni áfrýjanda, jeppahreyfli, sem hafði

verið í viðgerð á verkstæði Egils Vilhjálmssonar. Var kaupverð á hvorutveggja kr. 30.000.00. Hinn 20. febrúar 1952 ritaði Jón Guðjónsson stefnda bréf, þar sem hann krafði stefnda skaðabóta fyrir stórgalla á hreyfli bílsins, þeim er áður greindi, en Jón segir, að hann hafi verið settur í bílinn 6. maí 1951 og þegar reynzt óhæfur vegna leka á hreyfilsblökkinni. Í bréfinu skírskotar Jón til fyrri kvartana sinna við stefnda undan göllum á hreyflinum, en stefndi neitar því, að hann hafi verið krafinn bóta fyrr en í bréfi þessu. Hinn 9. apríl 1952 framkvæmdu tveir dómkvaddir menn skoðunargerð á bílhreyflinum. Segir í skoðunargerð, að í hreyfilsblökkinni séu tvær 2" sprungur og sprungur á átta stöðum milli kælivatnsgata og út í „headboltatagat“ á einum stað. Blökkinn sé því ónýtt. Sundurliða þeir síðan mat á viðgerðarkostnaði, er þeir telja nema kr. 5574.12. Er stefndi krafinn greiðslu á þessari fjárhæð auk kr. 7.300.00 fyrir afnotamissi bílsins, alls kr. 12.874.12 með vöxtum.

Stefndi kannast við, að sprunga hafi verið á hreyfilsblökk þeirri, er í málinu getur, þau þrjú ár, sem hann átti bílinn. Sprungan hafi verið fyrir ofan kveikjuna. Hann hafi notað þéttiduft, þá er hann lét frostlög á bílinn, og hafi blökkinn eigi lekið. Hann kveðst hafa skýrt Jóni Guðjónssyni frá þessu, þá er kaup þeirra urðu. Hann setur hins vegar syn fyrir, að honum hafi verið kunnugt um aðrar sprungur á hreyflinum. Marinó Sigurðsson, yfirmaður á verkstæði Egils Vilhjálmssonar, sá um viðgerð á hreyflinum, áður en stefndi seldi hann. Marinó tjáist hafa veitt athygli einni hér um bil 1" sprungu fyrir ofan kveikjuna á hreyfilsblökkinni. Kveður hann stefnda hafa sagt, að sprungan hafi verið þarna, frá því að hann keypti bílinn, og eigi komið að sök. Marinó lét sprunguna eiga sig, „enda var það sprunga út“, eins og hann orðar það.

Áfrýjanda hefur eigi tekizt að sanna gegn neitun stefnda, að honum hafi verið skýrt frá því, áður en ár var liðið frá kaupum, að hún hygðist neyta réttar síns vegna galla á hreyfilsblökkinni. Áfrýjandi hefur eigi heldur sannað, að stefndi hafi vísvitandi blekkt Jón Guðjónsson við kaupin, enda þótt skoðunargerð tæpum fjórtán mánuðum síðar leiddi

í ljós stórgalla á hreyflinum. Krafa áfrýjanda er því niður fallin samkvæmt 54. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lilja Vikar, greiði stefnda, Trausta Ó. Lárussyni, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 4. ágúst 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. júlí síðastliðinn, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. maí s.l., af frú Lilju Vikar, Reykjavík, gegn Trausta Ó. Óskarssyni (sic, réttara: Lárussyni) skrifstofumanni, Öldugötu 18, Hafnarfirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 12.874.12, skaðabætur, með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknunar og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnandans.

Málavextir eru þessir:

Þann 15. febrúar 1951 keypti stefnandinn af stefnda bifreiðina G 231 (herjeppa) ásamt nýfræstum jeppahreyfli fyrir kr. 30.000.00. Að visu er afsal þetta gefið af Sigurjóni Einarssyni, en raunverulegur seljandi var stefndi, Trausti Ó. Óskarsson, og er það viðurkennt í málinu.

Hreyfill sá, sem með fylgdi í sölunni, var uppgerður á vélaverkstæði Egils Vilhjálmssonar, og skyldi kaupandinn taka hann þar og mátti halda eftir af kaupverði bílsins til þess að greiða þann viðgerðarkostnað.

Stefnandinn skýrir svo frá, að honum hefði verið tjáð við kaupin, að umræddur bíll hefði verið keyptur nýr frá amerísku her stjórnninni hér í lok stríðsins.

Stuttu eftir að kaupin fóru fram, lét kaupandinn skrá bílinn á Reykjavíkurnúmer, en hann fékk R 2865.

Síðan virðist hafa farið fram skoðun á bílnum hjá bifreiðaeftirliti ríkisins — ekki upplýst, hvenær það var — og segir stefnandinn, að þá hafi komið í ljós fyrstu gallarnir, stýristúban brotin og lager í framhjólí ónýtur. Síðar hafi komið í ljós ónýtir hjöruliðir, mjög slitin drifsköft og girkassahjól, ónýtir bremsuborðar, kuplingsdiskur og rafgeymir. Um 15. apríl, segir svo stefnandinn, að sprungið hafi

heddpakning á hreyflinum, og hafi hann þá ákveðið að skipta um hreyfil og hafi það verið gert 5. og 6. maí. Þá hafi komið í ljós, að vatn draup út á tveimur stöðum gegnum vélalakkið, sem hreyfillinn hafi verið lakkaður með. Þá hafi sést 6—7 cm löng sprunga á blokkinni fyrir ofan kveikjuna og önnur í bugðunni við startarann fyrir neðan kveikjuna, ca 10—20 cm löng. Þá telur stefnandinn upp ýmsar fleiri bilanir, sem komið hafi í ljós við áframhaldandi notkun bílsins, þar á meðal farinn sundur afturöxull, sem hafi verið gamalbrotinn. Loks ákvað stefnandinn um miðjan nóvember að taka heddið ofan af hreyflinum, vegna þess að honum hafði yfirleitt fundið vinnsla vélarinnar óeðlilega léleg. Þá hafi komið í ljós við nánari skoðun á stimpilhúsinu með stækkunargleri sprungur, ca cm frá brún blokkarinnar.

Notkun sína á bifreiðinni R 2865 vorið 1951 og sumarið lýsir stefnandinn þannig. Frá því að bíllinn var keyptur og til 7. júlí hafi hann verið notaður um helgar í smá-skemmtiferðir á vegum kringum bæinn, lengst eina ferð til Sandgerðis, og svo nokkrum sinnum til vinnu í bænum.

Þann 7. júlí lagði stefnandinn af stað áleiðis inn á Landmannafrétt, en þegar komið var rétt inn fyrir Galtalæk á Landi, brotnaði afturöxull. Var þar snúið til baka.

Þá hefði verið lagt upp í berjaferð upp í Borgarfjörð 1. september, en bíllinn komst ekki nema upp á Kjalarnes, því að þar losnaði undirlyftustilling.

Eiginmaður stefnanda, sem sá um bílkaupin og hefur gefið framanskráða skýrslu, kveðst hafa átt bíl og ekið flest árin frá 1930. Hafi hann á þessum árum eignast 1 nýjan bíl, en fimm gamla.

Þann 9. apríl 1952 er framkvæmd matsgerð á bílnum af tveimur dómkvöddum mönnum. Segir þar, að við skoðun hafi komið í ljós, að mótorblokkinn var sprungin út á tveimur stöðum (ca 2" hver sprunga) og átta stöðum milli kælivatnsgata og út í heddboltagat á einum stað. Blokkinn sé þar af leiðandi ónýt.

Kostnaður við að taka úr hreyfli og setja í annan með tilheyrandi metið á kr. 1675.52, og nýir hlutir metnir á kr. 3898.60. Er matsgerð þessi dagsett 7. maí 1952.

Af hálfu stefnda er fyrst og fremst krafist sýknunar vegna aðildarskorts.

Í málinu er viðurkennt, að Trausti Ó. Óskarsson, stefndi, hafi verið raunverulegur seljandi umræddrar bifreiðar og eigi að svara til saka út af þessum viðskiptum. Verður því ekki tekin til greina sýknunarástæða vegna aðildarskorts.

Þá heldur stefndi því fram, að bifreiðin hafi verið seld í því ástandi, sem hún var í, og kaupandinn hafi kynnt sér það og tekið það gilt, enda hafi ekki verið um að ræða leynda galla, sem stefnda væri kunnugt um eða bæri ábyrgð á.

Eins og ljóst er af því, sem rakið er hér að framan, liður meira

en ár frá því, að stefnandinn eignast bílinn, og þar til matsgerð er látin fram fara, og á því tímabili virðist þessi bifreið vera meira og minna í notkun.

Það verður því að teljast ósannað í málinu gegn neitun stefnda, að á umræddri bifreið hafi verið leyndir gallar, sem stefndi beri ábyrgð á, þegar kaupin fóru fram.

Að vísu viðurkennir stefndi að hafa vitað um sprungu fyrir ofan kveikjuna, en þessi sprunga hefði verið, þegar hann eignaðist bílinn, og ekki komið að sök. Það er ekki upplýst sérstaklega, hvaða áhrif þessi sprunga kynni að hafa á vinnslu vélarinnar né hvað kosta myndi að gera við hana, ef þess skyldi teljast nauðsyn.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið fram tekið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera :

Stefndi, Trausti Ó. Óskarsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Lilju Vikar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 23. marz 1955.

Nr. 13/1953. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurði Jónassyni, Jóhanni Gunnari Stefánsyni, Hauki Hvannberg, Olíufélaginu h/f og Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Öflun framhaldsgagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, er rétt, að rannsókn fari fram um eftirtalin atriði:

1. Leiddar skulu í ljós rækilegar en gert hefur verið reglur þær, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands fóru eftir, þá er þeir keyptu eftir hinn 19. marz 1950 gjaldeyri af Íslendingum, slíkan er myndaðist vegna krafna, er orðið